

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Varðandi tillögu fulltrúa í ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða um fræðslu í skyndihjálpi

Á fundi borgarstjórnar þann 14. febrúar 2023 var lögð fram svohljóðandi tillaga Úlfhildar Elísu Hróbjartsdóttur, fulltrúa í ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundaráði að sjá til þess að nemendur í grunnskólum Reykjavíkurborgar fái fræðslu í skyndihjálpi annað hvert ár, tvo klukkutíma í senn, frá og með vorönn 2024.

Greinargerð fylgdi tillögunni.

Umsögn:

Aflað var upplýsinga um stöðu kennslu í skyndihjálpi í grunnskólum borgarinnar og nokkrar spurningar sendar skólastjórum í spurningavagni í maí 2023. Samtals svöruðu 36 skólastjórnendur öllum eða hluta spurninganna varðandi kennslu í skyndihjálpi. Í 14 skólum er einhver innan skólans sem hefur réttindi til að kenna skyndihjálpi og þar af 19 íþróttakennarar, tveir almennir kennarar og sex aðrir starfsmenn. Skólastjórnendur voru beðnir um að merkja við alla árganga sem fengu kennslu í skyndihjálpi í þeirra skóla. Alls 15 skólar merktu við að kennsla í skyndihjálpi færi fram í einhverjum árgöngum skólans en algengast var að 6. og 10. bekkur fái slíka fræðslu en fæstir virðast kenna skyndihjálpi í 8. bekk. Fáir skólastjórnendur gáfu svör um áætlaðan fjölda kennslustunda sem hver árgangur fékk í skyndihjálpi og því ekki hægt að gera heildræna samantekt á meðalfjölda kennslustunda pr. árgang. Skólastjórnendur voru einnig spurðir um hver sæi um kennslu í skyndihjálpi og hvaða námsefni viðkomandi studdist við en af þeim svörum má greina að fyrirkomulag kennslu í skyndihjálpi er mjög breytilegt á milli grunnskóla í borginni.

Að öðru leyti er vísað til minnisblaðs sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 11. apríl 2023, sem lagt var fram á fundi skóla- og frístundaráðs 24. apríl 2023.